

Jólin er okkar

Jólin eru kertaljós og knús
Kanilangan, pikarkökuhús.
Jólin eru minningin um það sem einhvern tímann
Fann sinn hjartastað og settist að.

Jólin eru gleði og glæný bók,
Gömul mynd sem einhver forðum tók,
Jólin eru endurtekningin, þau eru barnsleg eftirvæntingin,
í sérhvert sinn.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim,
Dyr inn í töfra heim.
Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer.
Ég óska mér, að eyða þeim með þér.

Jólin eru ljúfsár leyndarmál, lágnætti og mandarínuskál.
Jólin eru tími fyrir blund af löngu tímabærum endurfund,
Við liðna stund.

Jólin eru máðar minningar sem mildilega fegra allt sem var.
Jólin eru sáttmáli um frið sem við gerum allan heiminn við,
Hlið við hlið.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim,
Lýsa upp töfra heim.
Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer,
Ég óska mér að eyða þeim með þér.

Jólin eru okkar og allt sem fylgir þeim,
Lýsa upp allan heim.
Jólin eru okkar og hvernig sem allt fer
Ég óska mér (þess eins)
Að eyða þeim með þér.